

XII. Umhverfisping, 27. apríl 2021



Vernd náttúru og lífríkis – staðan nú og næstu skref



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Fólksfjölgun, mengun og eftirsókn eftir auðlindum veldur álagi á lífríki Jarðar á þann veg að villt náttúra er á hröðu undanhaldi og margar tegundir lífvera í útrýmingarhættu. Í nýrri skýrslu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP)¹ segir að sterkra áhrifa mannlegra athafna gæti nú á um ¾ hluta þjórlandis utan jökla og 2/3 hluta hafanna. Um ein milljón tegunda dýra og plantna telst í útrýmingarhættu, af áætluðum 8 milljónum alls. Stofnstærð villtra hryggdýra hefur minnkað um 68% að meðaltali sl. hálfra öld. Umfangsmikil skógareyðing á sér stað víða, einkum í hitabeltinu þar sem tegundaríkustu skógarnir eru. Aðeins um 15% af votlendi heimsins telst vera óraskað.

Þessi þróun er ekki bara ógn við lífríki og villta náttúru, heldur líka við lífsgæði fólks, þar sem vistkerfi veita mannkyni margvíslega þjónustu, sem gleymist oft að taka með í reikninginn við ákvarðanatöku. Rýrnun landkosta er ógn við fæðuframléiðslu víða um heim, einkum í fátækum ríkjum. Eyðilegging og rýrnun vistkerfa er líka loftslagsvandamál, en um fjórðung losunar gróðurhúsalofttegunda 2010-2019 má rekja til skógareyðingar og annarra aðgerða sem tengjast landnotkun. Loftslagsbreytingar munu svo aftur auka enn álag á tegundir og vistkerfi. Þannig er talið að hlýnun um 1,5°C geti valdið dauða um 70-90% kóralrifja og hlýnun um 2°C dauða um 99% þeirra, miðað við upprunalega útbreiðslu.

Ríki heims hafa tekið höndum saman í viðleitni sinni við að vernda lífríki Jarðar og stuðla að sjálfbærri nýtingu þess undir merkjum Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD), sem samþykktur var í Ríó árið 1992 samhliða Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Árið 2010 voru samþykkt á grunni samningsins um líffræðilega fjölbreytni 20 markmið um vernd lífríkisins, kennd við Aichi í Japan, sem átti að ná fyrir 2020. Þar á meðal voru markmið um að vernda 17% svæða á landi og 10% í hafi. Ekkert markmiðanna náðist að fullu, en sex að hluta, skv. úttekt UNEP.

¹ Making Peace with Nature, UNEP 2021. Upplýsingar í þessum kafla eru að mestu úr þeirri skýrslu.

Náttúruvernd á Íslandi

Náttúra Íslands er sérstök að mörgu leyti, ekki síst hvað varðar jarðfræði landsins. Eldvirkni er óvída meiri á Jörðinni og landslagið ber sterkan svip af henni og virkum landmótunaröflum jökla, vatnsfalla og sjávar. Lífríki á landi er ekki tegundaríkt miðað við mörg önnur lönd ríki á svipuðum breiddargráðum, en fjölbreytileiki innan tegunda hins vegar vakið athygli og víða er lífríkið mjög blómlegt, s.s. í og við Mývatn, í Þjórsárverum og í fuglabjörgum. Ísland er mikilvægt búsvæði fyrir margar tegundir fugla á heimsvísu, s.s. lunda, álku, heiðlóu, spóa og heiðagæs. Mikil eyðing skóga og gróðurs hefur átt sér stað frá landnámi. Endurheimt vistkerfa og landgæða hefur verið stór þáttur í umhverfisstefnu Íslands í áratugi.


Náttúruvernd er fjölpætt viðfangsefni, sem m.a. getur falist í almennum reglum á landsvísu um friðun einstakra tegunda, friðlýsingum svæða, stjórn veiða og endurheimt landgæða. Starf að náttúruvernd þarf að taka mið af vísindalegri þekkingu og mati á verndargildi og verndarþörf lífvera og búsvæða þeirra. Ísland er aðili að mörgum fjölþjóðlegum samningum um vernd lífríkis og náttúru. Þar má nefna, auk Samningsins um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamninginn um vernd villtra plantna, dýra og vistgerða í Evrópu, Ramsarsamninginn um vernd votlendis, Landslagssamning Evrópu og samning um verndun afrísk-eyrasískra sjó- og vatnafugla (AEWA).

Ljóst er að náttúran er mesta aðráttarafl Íslands fyrir erlenda ferðamenn, en ferðaþjónusta hefur á undanförunum áratug vaxið gríðarlega og orðið stærsta atvinnugrein Íslands. Samhliða hefur orðið mikil uppbygging innviða á mikilvægum ferðamannastöðum í því skyni að tryggja að svæðin geti tekið við fólki án þess að þau bíði skaða af vegna átroðnings og jafnframt efla þjónustu við ferðamenn. Ein helsta áskorun náttúruverndar á Íslandi er að mæta mikilli og vaxandi eftirspurn eftir útivist og náttúruskoðun án þess að viðkvæm náttúra landsins skaðist.


Verndarsvæði á Íslandi

Ein þekktasta birtingarmynd náttúruverndar er friðlýsing. Friðlýsing er svæðisbundin vernd ákveðinna svæða, sem búa yfir sérstökum náttúrufrýrbærum eða teljast mikilvæg búsvæði tegunda dýra og jurta. Vernd víðerna hefur fengið aukið vægi í náttúruvernd á undanförunum árum, en ósnortin eða lítt snortin víðerni eru sjaldgæf í Evrópu utan Íslands og norðanverðrar Skandinavíu.

Verndarsvæði á Íslandi má sjá á [meðfylgjandi korti](#):



Verndarsvæðum á landi hefur fjölgað og flatarmál þeirra vaxið á undanförunum árum, eins og sést á meðfylgjandi mynd:




Sérstaklega skilgreind verndarsvæði í hafi eru mun færri en á landi og þekja þeirra minni. Skv. náttúruverndarlögum eru friðlýsingar í hafi háðar samþykki ráðuneytis sjávarútvegsmála. Ísland hefur tilkynnt 14 svæði til þessa inn á skrá OSPAR-samningsins um verndarsvæði í hafi; af þeim eru fjögur friðlýst skv. náttúruverndarlögum en tíu eru djúpsjávarkórallassvæði sem eru vernduð skv. ákvæðum laga um fiskveiðistjórnun. Samtals er flatarmál þessara svæða tæplega 0,1% af lögsögu Íslands. Svæðisbundin vernd lífríkis hafsins er þó mun meiri en þessar tölur gefa til kynna, þar sem víðtækar lokanir fyrir fiskveiðum eru við lýði hverju sinni, sumar í stuttan tíma en aðrar til langs tíma. Mikil umræða er á alþjóðavettvangi um hvernig beri að meta slíkar friðunaraðgerðir í samhengi markmiða um verndarsvæði. Tillögur liggja fyrir á vettvangi Samningsins um líffræðilega fjölbreytni og víðar um að setja markmið um þekju verndarsvæða í hafi í 30% fyrir árið 2030.

Átak í friðlýsingum

Undanfarin þrjú ár hefur staðið yfir átak í að friðlýsa svæði í íslenski náttúru. Það sem af er þessu kjörtímabili hafa 16 svæði verið friðlýst, meðal annars eitt þekktasta náttúruundur landsins, Geysissvæðið á Suðurlandi. Að auki má nefna Goðafoss á Norðurlandi, Látrabjarg á Vestfjörðum og eldgíginn Búrfell ásamt Búrfellsgjá og Selgjá, sem saman mynda útivistarparadís í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Þá hafa Þjórsárdalur og Kerlingarfjöll verið friðlýst sem landslagsverndarsvæði, en þau eru fyrstu svæðin sem fá slíka vernd hér á landi. Nokkur svæði hafa verið friðlýst gegn orkuvinnslu í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, þar á meðal Jökulsá á Fjöllum, sem var fyrst til að fá slíka vernd.

Svæði sem hafa verið friðlýst á kjörtímabilinu sjást á meðfylgjandi korti:



Fjölmargin náttúruverlur eru nú í friðlýsingarferli. Sem dæmi má nefna að fyrirhuguð er friðlýsing Stóruvörð og nágrennis á Austurlandi og áform um Þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum hafa verið kynnt almenningi. Þá er frumvarp um friðlýsingu miðhálandis Íslands sem Þjóðgarðs til umfjöllunar hjá Alþingi.

Samhliða aukinni áherslu á að vernda þessi svæði hefur verulega verið aukið við opinbert fjármagn til uppbyggingar innviða og landvörslu á fjölmörgum ferðamannastöðum, ekki síst á friðlýstum svæðum.

Nokkrar spurningar

-
- Villt náttúra er mjög á undanhaldi á heimsvísu skv. UNEP. Hefur náttúruvernd á Íslandi hlutverki að gegna í hnattrænu samhengi og hverjar ættu þá áherslur Íslands að vera þar?
-
- Hvernig er best hægt að stuðla að vernd íslenskrar náttúru í náinni framtíð; með frekari friðlýsingum, friðun tegunda eða eftir öðrum leiðum – og þá hverjum?
-
- Útivist og ferðamennska er samofin náttúruvernd; annars vegar miða t.d. Þjóðgarðar og fólkvangar að því að greiða aðgang fólks að náttúru og efla skilning og þekkingu á henni, en hins vegar veldur ferðamennska álagi á náttúru og getur valdið skaða. Hvernig getum við betur tengt þessi markmið saman?
-
- Þekja skilgreindra verndarsvæða í hafi er afar lág við Ísland (um 0,1% af lögsögu) og langt frá samþykktum alþjóðlegum viðmiðum um 10% þekju árið 2020. Skiptir það máli varðandi vernd lífríkisins við Íslandsstrendur og hver ætti stefna Íslands að vera í þessu sambandi?
-

